Nr. 21 4. janúar 2024

# GJALDSKRÁ

**Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar vegna leyfisveitinga, eftirlits og annarrar gjaldskyldrar starfsemi.**

**Matvælaeftirlit.**

1. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti heilbrigðisnefndar samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa og fer um innheimtu samkvæmt henni.

2. gr.

Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem hafa verið áhættuflokkuð og falla undir opinbert eftirlit heilbrigðisnefnda fer samkvæmt áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi samkvæmt lögum um matvæli sbr. lagabreytingu nr. 33/2018. Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem ekki hafa verið áhættuflokkuð nemur fastri fjárhæð í samræmi við viðauka með gjaldskrá þessari. Greiða skal fyrir hverja eftirlitsheimsókn.

**Hollustuhættir og mengunarvarnir.**

3. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt viðauka og 11 og 12. gr. gjaldskrár þessarar.

4. gr.

*Tóbaksvarnir.*

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem heilbrigðisnefnd ber að hafa eftirlit hjá með vísun til 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum sem leyfi hafa til að selja tóbak í smásölu að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt viðauka og 11. gr. og 12. gr. gjaldskrár þessarar.

5. gr.

*Um meðhöndlun úrgangs.*

Vegna eftirlits sbr. 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, og eftirlits með atvinnurekstri sem heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga er heimilt að innheimta gjald samkvæmt 9. og 10. gr. gjaldskrár þessarar.

6. gr.

| | |
|---|---|
| Tímagjald | kr. 21.000 |
| Sýnatökugjald samkvæmt eftirlitsáætlun vegna mælinga örvera og einfaldra eðlisfræðilegra mælinga. | kr. 21.500 |

7. gr.

Af leyfisskyldri starfsemi sbr. 1., 2., og 3. gr. gjaldskrár þessarar er heimilt að innheimta gjald fyrir leyfi eins og hér segir:

| | |
|---|---|
| Endurútgáfa eða endurnýjun leyfis:<br>Auk auglýsingakostnaðar ef við á, | eitt og hálft tímagjald |
| Nýtt leyfi:<br>Auk eftirlitsgjalds og auglýsingakostnaðar ef við á | tvöfalt tímagjald |

| | |
|---|---|
| Skráningargjald | eitt og hálft tímagjald |
| Önnur leyfi: | |
| Leyfisgjald | tvöfalt tímagjald |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á. | |

8. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlitið gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum skal greiða eitt tímagjald.

9. gr.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og/eða sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning.

10. gr.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli og XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skal innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða. Heimilt er að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef tilmæli um framkvæmd eru vanrækt. Útlagður kostnaður er þá greiddur til bráðabirgða af heilbrigðisnefnd, þar sem hún fer með eftirlit.

Útlagður kostnaður af framkvæmd, vegna vinnu eftirlits við framkvæmd og við innheimtu kostnaðar innheimtist hjá viðkomandi.

11. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu árlegra eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar innheimtir önnur gjöld s.s. fyrir leyfi, vottorð, matvælaeftirlit, tóbakseftirlit og aukin eftirlitsverkefni. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

12. gr.

Gjalddagi árlegra eftirlitsgjalda samkvæmt 2. og 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert en annarra gjalda er útgáfudagur reiknings og eindagi 14 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

13. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, skal eftir eðli og umfangi starfseminnar leggja saman eftirlitsgjöld vegna viðeigandi starfsemi. Heimilt er þó að innheimta eitt árlegt eftirlitsgjald, þá í þeim flokki sem hæstur er ef aukning umfangs í eftirliti er óveruleg.

14. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

15. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar 3. október 2023, með vísun til ákvæða 4. mgr. 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 5. mgr. 65. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1471/2022 Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar-

kaupstaðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar vegna leyfisveitinga, eftirlits og annarrar gjaldskyldrar starfsemi.

*Kópavogi, 4. janúar 2024.*

F.h. heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar,
Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar,

**Hörður Þorsteinsson** framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

| **Heiti atvinnugreinar** | **Tíðni eftirlits** | **Eftirlits- og sýnagjöld kr.** |
|---|---|---|
| Áfengisverslun | 0,25 | 15.750 |
| Aksturíþróttasvæði og/eða akstursæfingabraut | 0,5 | 31.500 |
| Alifuglarækt | 1 | 115.500 |
| Apótek | 0,5 | 42.000 |
| Bakarí, framleiðsla | 1 | 137.000 |
| Bakarí og veitingasala | 1 | 179.000 |
| Bakarí, brauðgerð, framleiðsla á kökum, lítil | 1 | 94.750 |
| Bensínstöð | 1 | 84.000 |
| Bílgrein – bifreiðasprautun | 0,5 | 63.000 |
| Bílgrein – hjólbarðaverkstæði | 0,5 | 21.000 |
| Bílgrein – réttingaverkstæði | 0,5 | 31.500 |
| Bílgrein – ryðvörn o.þ.h. | 1 | 105.000 |
| Bílgrein – smurstöð | 0,5 | 63.000 |
| Bílgrein – þvotta- og bónstöð | 0,5 | 63.000 |
| Bílgrein o.fl., verkstæði fyrir þungavinnutæki o.þ.h. | 1 | 147.000 |
| Bílgrein o.fl., verkstæði fyrirtækis | 0,5 | 63.000 |
| Bílgrein o.fl., geymsla og viðgerðir | 0,5 | 26.250 |
| Bílgrein, bifreiða- og vélaverkstæði | 0,5 | 63.000 |
| Bílgrein, lítil bifreiða- og vélaverkstæði | 0,5 | 36.750 |
| Bílgrein, lítil bónstöð, viðgerðaraðstaða o.þ.h. | 0,5 | 31.500 |
| Bílgrein, margþætt starfsemi | 1 | 147.000 |
| Bílgrein, partasala | 1 | 63.000 |
| Bjórgerð | 1 | 105.500 |
| Búsetuúrræði | 0,5 | 36.750 |
| Daggæsla í heimahúsi með > 5 börn | 0,5 | 36.750 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, með mötuneyti | 2 | 189.500 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, móttökueldhús | 1 | 105.000 |
| Dýragæsla | 0,25 | 13.125 |
| Dýralæknastofa | 0,5 | 31.500 |
| Dýrasnyrtistofa | 0,25 | 21.000 |
| Efnalaug og/eða þvottahús | 0,5 | 36.750 |
| Endurhæfing, sundlaug | 1 | 137.000 |
| Endurnýting úrgangs | 1 | 94.500 |
| Fangageymsla | 0,5 | 26.250 |
| Fiskbúð | 1 | 105.500 |
| Fiskverkun | 1 | 105.000 |
| Fiskmarkaður | 1 | 105.000 |
| Flugvöllur með eldsneytisafgreiðslu | 0,5 | 31.500 |
| Flutningur og hreinsun á seyru | 0,5 | 44.625 |
| Fótaaðgerðarstofa | 0,5 | 31.500 |
| Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja, umfangsmikil | 1 | 147.500 |
| Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 1 | 105.000 |
| Framleiðsla á snyrtivörum | 0,5 | 36.750 |
| Framleiðsla dýrafóðurs | 0,5 | 42.000 |
| Framleiðsla eða pökkun á korni | 1 | 126.500 |
| Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja | 1 | 126.500 |
| Framleiðsla matvöru til matvælavinnslu | 1 | 126.500 |
| Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu | 1 | 115.500 |
| Framleiðsla, átöppun neysluvatns | 1 | 147.500 |
| Framleiðsla, átöppun neysluvatns, umfangslítil | 0,5 | 63.250 |
| Gæludýraverslun | 0,5 | 31.500 |
| Gæsluvöllur og/eða opin leiksvæði | 0,25 | 18.375 |
| Gámastöð | 0,5 | 21.000 |
| Garðaúðun | 0,25 | 21.000 |
| Gasbirgðastöð með > 100 m³ geymslurými (STP) | 1 | 94.500 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni eftirlits | Eftirlits- og sýnagjöld kr. |
|---|---|---|
| Gisting - fjallaskáli. Flokkur II | 0,5 | 26.250 |
| Gisting - starfsmannabúðir | 1 | 63.000 |
| Gisting - starfsmannabústaðir | 0,5 | 31.500 |
| Gisting, hótel, veitingasala. Flokkur III og IV | 1 | 168.500 |
| Gisting, íbúð. Flokkur II | 0,25 | 21.000 |
| Gisting. Gistiheimili. Flokkur II | 0,5 | 31.500 |
| Gleriðnaður | 1 | 63.000 |
| Hársnyrtistofa | 0,5 | 31.500 |
| Heildverslun með áfengi | 0,25 | 15.750 |
| Heilsugæslustöð | 0,5 | 31.500 |
| Heilsuræktarstöð | 1 | 63.000 |
| Heilsuræktarstöð, heitir pottar, baðstofa | 1 | 158.000 |
| Heilsuræktarstöð, takmarkað umfang | 0,25 | 21.000 |
| Heimili með félags- og/eða heilbrigðisþjónustu | 0,5 | 36.750 |
| Hestaleigur, reiðskólar, hestaíþróttir | 0,5 | 31.500 |
| Hreinlætisvörur, pökkun efnasambanda | 1 | 115.500 |
| Húðflúrstofa | 1 | 63.000 |
| Húðgötun | 1 | 63.000 |
| Íþróttahús | 1 | 136.500 |
| Íþróttahús, heitur pottur | 1 | 158.000 |
| Íþróttahús, takmarkað umfang | 0,5 | 47.250 |
| Íþróttavöllur | 1 | 63.000 |
| Kaffibrennsla | 0,5 | 47.250 |
| Kaffihús án viðkvæmra veitinga | 0,5 | 26.250 |
| Krá, án matsölu | 0,5 | 42.000 |
| Krá, samkomustaður og veitingar | 1 | 137.000 |
| Krydd-, bragðefna, og/eða matvælaframleiðsla og pökkun, | 1 | 105.000 |
| Kvikmyndahús | 1 | 63.000 |
| Læknahús, röntgen, aðgerðarstofa | 0,5 | 36.750 |
| Læknastofa | 0,5 | 31.500 |
| Leikhús | 0,5 | 31.500 |
| Leikskóli (án mötuneytis) | 1 | 94.500 |
| Leikskóli með mötuneyti | 1 | 105.000 |
| Loðdýrabú | 0,5 | 57.750 |
| Malar- og sandnám | 1 | 73.500 |
| Málmiðn - sandblástur | 1 | 115.500 |
| Málmiðn, blikksmíði með lítið umfang | 0,5 | 31.500 |
| Málmiðn, spennaviðgerðir | 0,5 | 57.750 |
| Málmiðn, vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 0,5 | 57.750 |
| Málmiðn, flotkví, skipaviðgerðir og tengdur rekstur | 1 | 131.250 |
| Málmiðn, járn-, ál- og stálsmiðja | 0,5 | 57.750 |
| Málmiðn, kælitækjaþjónusta, viðgerðir og nýsmíði | 0,5 | 57.750 |
| Málmsteypa < 20 tonn á dag | 0,5 | 57.750 |
| Matjurtarækt fræ, baunaspírum eða þ.h. | 1 | 137.000 |
| Matjurtarækt, umfangslítil | 1 | 105.000 |
| Matsölustaður, veitingastofa, takmarkað umfang | 1 | 84.000 |
| Matsölustaður, veitingahús | 1 | 137.000 |
| Matsölustaður, veitingastofa | 1 | 137.000 |
| Matsölustaður, veitingaverslun | 1 | 73.750 |
| Matvælaframleiðsla og pökkun, umfangsmikil | 1 | 147.500 |
| Matvælaframleiðsla og pökkun | 1 | 126.500 |
| Matvælaframleiðsla áhættu- og/eða umfangslítil | 0,5 | 58.000 |
| Matvælaframleiðsla, lítil | 1 | 52.500 |
| Matvörudreifing frá vöruhótelum | 0,25 | 18.375 |
| Matvörudreifing með vörugeymslu | 0,5 | 42.000 |
| Matvörudreifing, smásala á netinu | 0,5 | 42.000 |
| Matvörudreifing, vörugeymsla og meðhöndlun | 0,5 | 52.500 |

| **Heiti atvinnugreinar** | **Tíðni eftirlits** | **Eftirlits- og sýnagjöld kr.** |
|---|---|---|
| Matvörusala, minniháttar s.s. heildverslun | 0,25 | 26.250 |
| Matvörusala, lítið umfang | 0,5 | 21.000 |
| Matvörusala, sérhæfð matvara í umbúðum | 0,25 | 28.875 |
| Matvöruverslun, án vinnslu | 1 | 84.000 |
| Matvöruverslun, með vinnslu | 1 | 189.500 |
| Matvöruverslun, með vinnslu, takmarkað umfang | 1 | 105.500 |
| Matvöruverslun, takmarkað umfang | 0,5 | 42.000 |
| Meðferð og húðun málma | 1 | 105.000 |
| Meindýraeyðir | 0,25 | 15.750 |
| Móttaka á úrgangi til endurnýtingar | 1 | 73.500 |
| Móttaka brotamálms | 2 | 231.000 |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi | 0,5 | 58.250 |
| Mötuneyti, fullbúið eldhús | 1 | 116.000 |
| Mötuneyti, takmarkað umfang | 0,5 | 47.250 |
| Nuddstofa | 0,25 | 15.750 |
| Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla | 0,5 | 36.750 |
| Plastiðnaður | 0,5 | 36.750 |
| Plastiðnaður, framleiðsla á umbúðaplasti vegna matvæla | 1 | 73.500 |
| Pökkun á sápuefnum o.þ.h. | 1 | 73.500 |
| Prentiðnaður | 0,5 | 34.125 |
| Rafgeymaverksmiðja og verkstæði | 0,5 | 34.125 |
| Rafvélaverkstæði | 0,5 | 34.125 |
| Reykhús, kjötiðn, mjólkuriðn eða niðursuða, rg. nr. 550/2018 | 0,5 | 47.250 |
| Samkomuhús, s.s. safn, kirkja, leikhús, samkomustaður án eldhúss | 0,25 | 18.375 |
| Samkomuhús, s.s. safn, kirkja, leikhús, samkomustaður með móttökueldhúsi | 0,5 | 47.250 |
| Sjúkraþjálfun, endurhæfing o.þ.h. | 0,5 | 31.500 |
| Skíðaskáli, skíðasvæði, lyftur og viðgerðaraðstaða | 2 | 94.500 |
| Skólahúsnæði | 0,5 | 36.750 |
| Skólahúsnæði, framhaldsskólastig, mötuneyti | 1 | 158.000 |
| Skólahúsnæði, framhaldsskólastig, verkmenntun | 1 | 158.000 |
| Skólahúsnæði, grunnskóli | 1 | 158.000 |
| Skólahúsnæði, grunnskóli án mötuneytis | 0,5 | 57.750 |
| Skóli og dagþjónusta | 1 | 73.500 |
| Skólphreinsistöð > 10.000 pe. og afrennsli til strandsjávar | 1 | 804.500 |
| Skólphreinsistöð, rotþró o.þ.h. | 1 | 84.000 |
| Skotvöllur | 1 | 52.500 |
| Smáhýsi eða matsöluvagn (matvörudreifing) | 1 | 73.500 |
| Smáhýsi eða matsöluvagn, takmarkað umfang | 0,5 | 42.125 |
| Smásala á innpökkuðu sælgæti o.þ.h. þar sem ekki er önnur matvörusala | 0,25 | 13.125 |
| Snyrtistofa | 0,5 | 31.500 |
| Snyrtistofa, fegrunarflúr /húðrof | 1 | 63.000 |
| Snyrtivöruframleiðsla, verksmiðja | 1 | 105.000 |
| Sólbaðstofa | 0,5 | 47.250 |
| Sorpflutningur og sorphirða | 1 | 89.250 |
| Spennistöð | 0,5 | 34.125 |
| Spilliefnamóttaka og flutningur spilliefna | 0,5 | 44.625 |
| Steinsmíði | 1 | 63.000 |
| Súkkulaði- og sælgætisgerð | 1 | 126.000 |
| Sultu- og ávaxtagrautargerð | 1 | 126.500 |
| Sumarbúðir | 1 | 63.000 |
| Sund- og baðstaður | 3 | 517.000 |
| Sund- og baðstaður, takmarkað umfang | 2 | 295.500 |
| Tannlæknastofa | 0,5 | 57.750 |
| Te- og kaffipökkun | 0,5 | 36.750 |
| Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði | 0,5 | 31.500 |
| Tóbakssala – verslun | 1 | 63.000 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni eftirlits | Eftirlits- og sýnagjöld kr. |
|---|---|---|
| Trésmíðaverkstæði, án lökkunar | 0,5 | 42.000 |
| Trésmíði - innréttingaverksmiðja | 1 | 73.500 |
| Trésmiðja - án lökkunar eða lítið umfang | 0,5 | 36.750 |
| Varaaflstöð með olíubirgðum< 1.600 l | 1 | 73.500 |
| Vatnsveita án vatnsbóls > 5.000 íbúar | 12 | 1.077.000 |
| Vatnsveita án vatnsbóls 1.000 - 5.000 íbúar | 4 | 359.000 |
| Vatnsveita og vatnsból 25.001 - 30.000 íbúar | 22 | 2.090.000 |
| Vatnsveita og vatnsból 30.001 - 50.000 íbúar | 25 | 2.375.000 |
| Vatnsveita og vatnsból, til einkanota | 1 | 84.500 |
| Vatnsveita og/eða vatnsból < 1.000 íbúar | 1 | 95.000 |
| Veisluþjónusta, greiðasala og sala á tilbúnum mat | 1 | 105.500 |
| Veitingastofa s.s. ísbúð o.þ.h. | 1 | 105.500 |
| Verslun, brauð og kökusala, veitingastofa | 1 | 95.000 |
| Verslunarmiðstöð | 1 | 84.000 |
| Vinnsla með plast- og frauðefni | 0,5 | 36.750 |
| Vinnsla með trefjaplast | 1 | 115.500 |
| Vistheimili | 0,5 | 42.000 |
| Vöruafgreiðsla | 1 | 84.000 |
| Vörugeymsla, dreifing efna í snertingu við matvæli | 0,5 | 31.500 |
| Vörugeymslur, litlar - vöruflutningar | 0,5 | 42.000 |
| Atvinnugreinaflokkar ótilgreindir hér að ofan, samkvæmt tímagjaldi | | |